

Skýrsla stjórnar: 8.6. 2017

Flutt á aðalfundi Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala í Vonarhöfn Hafnarfjarðarkirkju kl. 17.00  
Steinunn Guðnadóttir formaður Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala.

Steinunn Guðnadóttir heiti ég og er formaður Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala, ég er íþróttakennari og fyrrum bæjarfulltrúi. Í dag höldum við aðalfund í annað skipti frá stofnun Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala sem stofnuð voru 14.5.2014. Á síðasta aðalfundi rakti ég tilurð samtakanna og hvað stjórn Hollvinasamtakanna hafði gert frá stofnun félagsins en aðalfundur í fyrra var haldinn 26.mái hér í Hafnarfjarðarkirkju, eins og stofnfundurinn. Ég vil þakka sérstaklega velvild staðarhaldara Hafnarfjarðarkirkju og stjórnendum hennar að gera okkur kleift að halda fundi eins og þessa hér í miðbæ Hafnarfjarðar samtökum Hollvina að kostnaðarlausu.

Aðalstjórn hefur verið skipuð sömu einstaklingunum frá stofnun Hollvinasamtakanna. Stjórnin er skipuð eftirfarandi, í aðalstjórn sitja ásamt mér Stefanía Ámundadóttir lækningaritari, dr. Þórður Helgason heilbrigðisverkfræðingur á vísindadeild LSH, Árni Sverrisson fyrrum framkvæmdastjóri St. Jósefsspítala og Sólvangs, Guðrún Bryndís Karlsdóttir sjúkraliði og umhverfis og byggingarverkfræðingur með sérsvið í sjúkrahússkipulagi. Í varastjórn hefur átt sér stað ein breyting frá upphafi og í ár verður önnur breyting. Í varastjórn eru Lýður Árnason læknir, Ólafur Bjarnarson læknir, dr. Ólöf Guðný Geirsdóttir Næringarfræðingur, Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri Íþróttabandalags Hafnarfjarðar og Katrín Sif Sigurgeirsdóttir hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir. Á fyrsta aðalafundi fór Bjarni Snæbjörnsson arkitekt úr varastjórn og Katrín Sif Sigurgeirsdóttir kom í staðinn. Vil ég þakka öllum sem setið hafa í stjórn Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala fyrir þátttöku þeirra og vinnuframlag.

Á aðalfundi fyrir um ári síðan, rakti ég gang mála fram til þess aðalfundar. Þá kom fram að þann 19.júní 2014 rétt eftir stofnfund Hollvinasamtakanna birtist samstarfssamningur meirihluta núverandi bæjarstjórnar. Þar kom fram að leitað verði leiða til að hefja starfsemi aftur í St. Jósefsspítala í samstarfi við hagsmunaaðila. Við höfum fundað einu sinni með bæjaryfirvöldum þar sem þau hafa boðað okkur á fund, en samtals hafa Hollvinasamtökin óskað eftir fundi með bæjaryfirvöldum fjórum sinnum frá því að Hollvinasamtökin voru stofnuð. Þá hafa Hollvinasamtökin komið að ýmsum athugasemdum varðandi St. Jósefsspítala og veitt stjórnvöldum aðhald varðandi heilbrigðisþjónustu og það sjúkrahús Hafnfirðinga sem ég kalla hjarta Hafnfirðinga. Af hverju er hægt að kalla einhverja byggingu og starfsemi hennar þessu nafni. Jú því sú starfsemi sem fór fram á vegum St. Jósefssystra og annarra starfsmanna var fagleg umönnun sem var fylgt eftir með kærleik og hlýju gagnvart sjúklingum alla tíð þar til sjúkrahúsinu var lokað illu heilli.

Ég tel að allar fjölskyldur í Hafnarfirði eigi minningar tengdar St. Jósefsspítala, bæði hvað varðar gleðilega endurheimt heilbrigðis hjá fjölskyldumeðlim, aukin lífsgæði með aðgerðum, forvarnir, nýsköpun, hinna kveðja ástvins, giftingar og andleg endurheimt í Kapellu sjúkrahússins. Yndislegur vinnustaður, samheldni starfsmanna, nýsköpun, nám lærlinga í læknisfræði, hjúkrun og umönnun, sumarvinna ungmenna, íþróttakennsla, leikskólastarf, sjúkrahúsfjalnun, skemmtun sjúklinga, gjafir líknarfélaga, o.s. mætti lengi telja. Hollvinasamtök St. Jósefsspítala óskuðu eftir álit Minjastofnunar Íslands og fengu þær upplýsingar að allar byggingar sjúkrahússins hafa varðveislugildi út frá byggingarsögu. Þá hefur starfsemi sjúkrahússins sögulegar upplýsingar um heilsufar og sjúkrasögu íbúa Hafnarfjarðar í hátt í hundrað ár. Nýverið kom út bókin svipmyndir úr sögu sjúkrahúss Akureyrar í eina öld. Hvar eru skjalagögn sjúkrahússins St. Jósefsspítala, var passað uppá þau gögn þegar lokun sjúkrahússins átti sér stað, miðað við þær aðferðir sem voru viðhafðar við lokun sjúkrahússins. Þessi gögn eru stór hluti af sögu Hafnarfjarðar frá síðustu öld.

Stjórn Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala voru vongóð um að þau teldust þeir hagsmunaaðilar sem samstarfssamningur meirihluta bæjaryfirvalda fjallaði um, og eru ennþá bjartsýn á að verða þeir samstarfsaðilar sem þau vonuðust eftir. Hollvinasamtökin höfðu óskað eftir því að skipuð yrði starfsnefnd sem hefði það hlutverk að meta hvaða starfsemi færi í St. Jósefsspítala.

Samkvæmt síðasta fundi með bæjaryfirvöldum fengum við vitneskju um það að starfsnefndin yrði skipuð pólitískt kjörnum fulltrúum. Við í stjórn viljum samt fá upplýsingar frá meirihluta bæjaryfirvalda hverja þeir voru með í huga þegar þeir töluðu um í samstarfssamningi sínum sem hagsmunaaðila, þar sem Hollvinasamtökin eru einu sérstöku samtökin sem stofnuð hafa verið sem hagsmunasamtök sjúkrahússins St. Jósefsspítala.

Þetta starfsár hefur meir og minna farið í bið. Bæjarfulltrúar sögðu á síðasta aðalfundi að málin væru að fara að ganga eftir varðandi það að bæjaryfirvöld eignuðust sjúkrahúsið. Ekki hefur það gengið eftir ennþá. Og munu bæjarfulltrúar væntanlega fara yfir það mál hér á eftir. Við ætluðum að bíða og sjá hvernig það gengi eftir, og svo hvernig bæjaryfirvöld myndu afgreiða ósk okkar um að vera með í starfsnefnd. Svo kom að kosningum um nýja ríkistjórn, Bið eftir kosningunum og myndun nýrrar ríkisstjórnar. Ákvörðun um hver yrði heilbrigðisráðherra og hvernig málin þróuðust. Stjórnin ákvað að bíða með að fá fund með ráðherra, heyra fyrst í bæjaryfirvöldum. Stjórn Hollvinasamtakanna óskaði eftir fundi með bæjaryfirvöldum í janúar og varð sá fundur í apríl. Þá fengum við stöðu mála, sem virðist vera sú sama og var fyrir ári í samskiptum við ríkisvaldið. Eftir þetta kjörtímabil verða allir flokkar í bæjarstjórn Hafnarfjarðar búnir að hafa sinn heilbrigðisráðherra. Heilbrigðisráðherra Samfylkingar og Vinstri grænna lokaði sjúkrahúsinu 2011 þvert á gefin loforð til Hafnfirðinga um að lyflækningdeild skyldi starfrækt áfram og sjúkrahúsið var tæmt án samráðs. Heilbrigðisráðherra Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks setti sjúkrahúsið í sölufjerli, selja átti hæstbjóðenda. Nú situr heilbrigðisráðherra Bjartrar Framtíðar, Viðreisnar og Sjálfstæðisflokks og vonandi verður hægt að byggja upp heilbrigðisþjónustu í St. Jósefsspítala, landsmönnum öllum til góða.

Er vitað hver staðan er í heilbrigðismálum Hafnfirðinga eftir að sjúkrahúsinu var lokað? Hefur verið gerð þarfagreining um stöðu heilbrigðismála í Hafnarfirði eftir að jafn mikilvægur þáttur í heilbrigðiskerfi bæjarins eins og lokun elsta starfandi sjúkrahúss landsins hefur haft á sjúkrahjónustuna í Hafnarfirði. Hafa bæjarfulltrúar kynnt sér hvar og hvernig besta þjónustan er erlendis í sambærilega stóru sveitarfélagi og Hafnarfjörður. Margar spurningar brenna á stjórnarmönnum Hollvinasamtakanna. Ekki veitir af, það þarf að standa betur að heilbrigðisþjónustunni, ef ríkið gerir það ekki þurfa sveitarstjórnarmenn að láta til sín taka. Heilbrigðismál eru svo stór þáttur í lífi íbúa og stórt öryggisatriði þeirra.

Stjórnarmenn Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala sem flestir eru heilbrigðisstarfsmenn og hafa fylgst með og safnað öllum fréttum um heilbrigðismál frá því að sjúkrahúsinu var lokað, gera sér grein fyrir þessu. Hollvinasamtökin hafa alltaf talað fyrir því að eiga gott samstarf með bæjaryfirvöldum og vonumst við til þess að svo verði, þó svo að við hefðum viljað sjá meira samstarf en verið hefur hingað til.

Hollvinasamtökin vilja að settur verði verðmiði á allt það sem meirihlutaeigandinn tók og eyðilagði án samráðs við Hafnfirðinga sem minnihlutaeiganda í sjúkrahúsinu. Sá verðmiði er fyrir tækjabúnað sem tekinn var, búnað sjúkrahússins, eyðilegging húsnæðis, og endurgerð þess, eyðilegging á nýsköpun í forvörnum og öðru er tengdist starfsemi sjúkrahússins. Mestu verðmætin lágu í starfsfólki og fagmennsku þess, og finnst okkur að það eigi að fara fram á bætur þess vegna. Þessar upphæðir má meta ekki undir tveimur milljörðum króna að okkar mati. Við skulum ekki gleyma því að LSH sem var með í ákvörðun um að loka sjúkrahúsinu var búin að fá um þrjá milljarða króna fjárveitinga St. Jósefsspítala þegar sjúkrahúsið fór í sölufjerli án þess að geta boðið uppá sömu eða sambærilega þjónustu fyrir almenning eins og St. Jósefsspítali gerði. Væntanlega eru þeir ennþá að fá ígildi fjárveitinga St. Jósefsspítala. Hvaða fjárkröfu hafa bæjaryfirvöld lagt fram varðandi St. Jósefsspítala. Að okkar mati teljum við að Hafnfirðingar eigi að fá sjúkrahúsið endurgjaldslaust ásamt því að meirihlutaeigandi sjái um viðhald og endurgerð sjúkrahússins frá því að því var einhliða lokað af þeirra hálfu og komi sjúkarhúsinu í það horf eins og það var, þegar því var lokað.

Þegar kom að alþingiskosningum síðastliðið haust sendi stjórn Hollvinasamtakanna frá sér fyrirspurn á alla stjórnsmálaflokka í framboði fyrir síðustu alþingiskosningar og voru svör þeirra birt í Fjarðarfréttum. Við kynntum okkur áherslur flokkanna fyrir kosningar í heilbrigðismálum í

heimabyggð, og voru margir flokkar með margar góðar áherslur í heilbrigðismálum. Samt sem áður svöruðu einungis þrír flokkar spurningu okkar fyrir kosningar. En Bréf dagsett 14.10 2016 til oddvita 11 stjórnmalaflokka hljóðaði svo:

*Hollvinasamtök St. Jósefsspítala skora á oddvita stjórnmalaflokka sem bjóða sig fram til komandi alþingiskosninga að svara einni spurningu er varðar starfsemi í St. Jósefsspítala.*

*Segja má að með 80 þúsund undirskriftum almennings felist krafa um að leysa bráðavanda heilbrigðisþjónustunnar strax.*

*Umdæmissjúkrahúsið St. Jósefsspítali stendur autt í dag, en var með um 50 legurými ásamt sérfræðiþjónustu. Sjúkrahúsið þjónaði öllu landinu er varðaði sérfræðiþjónustu og sveitarfélögunum Hafnarfirði, Garðabæ, Kópavogi, Reykjavík, Seltjarnarnesi, Mosfellsbæ, og Kjalarnesi sem umdæmissjúkrahús.*

*Hægt er að koma fyrir heilbrigðisþjónustu í St. Jósefsspítala með mjög stuttum fyrirvara. Það þarf vilja og metnað fyrir hönd sjúklinga til að taka þá ákvörðun.*

*Er þinn stjórnmalaflokkur tilbúinn til að endurreisa heilbrigðisstarfsemi í St. Jósefsspítala?*

*Stjórnmalaflokkur: \_\_\_\_\_ Já \_\_\_\_\_ Nei \_\_\_\_\_*

*Svar þurfti að berast fyrir 20. okt. Send var ítrekun á þá stjórnmalaflokka sem ekki höfðu svarað.*

*Jafnframt var látið vita af því að svör yrðu birt í fjölmiðlum fyrir alþingiskosningarnar. Viðkomandi bréf var jafnframt sent á Fjarðarfréttir, Morgunblaðið, Fréttatímann, Fréttablaðið, Vísir, N4, h.stöðina, Útvarp sögu, Rív og Stöð 2*

Skemmst er segja frá því að eingungis þrír stjórnmalaflokkar svöruðu. Þeir voru Alþýðufylkingin og Dögun sem svöruðu játandi og Viðreisn svaraði, en svaraði ekki spurningunni. Alþýðufylkingin svaraði síðan ítarlegar spurningunni á eftirfarandi hátt.

*Hún vill byggja upp spítalaþjónustuna um allt landið, og er nágrenni Reykjavíkur meðtalið. Til að byrja með mundi endurreisn St. Jósefsspítala auka framboð á þjónustu og þar með stytta biðlista og þar með létt á landspítalanum – en líka mundi hún færa þjónustuna nær fólkinu sem notar hana.*

Þeir sem hafa kynnt sér heilbrigðisþjónustuna og eftir hvaða stefnu hún fer, þar sem öll sjúkrahúsþjónusta er skilgreind á tvö sjúkrahús á landinu og fjárveitingar til sjúkrahúsa að sama skapi bara á þessi tvö sjúkrahús, hljóta að sjá að þetta gengur ekki eftir. Það er miklu nær að þjónustan fari nær fólkinu eins og þjónustan var uppbyggð, og konur geti t.d. átt börn í heimabyggð, frekar en þessi stefna sem nú er við lýði og hefur sýnt sig að LSH annar engan veginn. Erlendir ferðamenn um 15000 hafa þurft á heilbrigðisþjónustu að halda frá því að St. Jósefsspítala var lokað. Ég ætla að taka það sérstaklega fram að mér finnst það algjör óvirðing, þegar erindum er ekki svarað. Hvort heldur sem um stjórnmalaflokk er að ræða, bæjarstjórnir, alþingismenn, eða aðrir sem leitað er til, að ég tali nú ekki um þá sem kosnir hafa verið af almenningi til að starfa í þeirra þjónustu að svara ekki skriflegum erindum hins almenna borgara, eða stærri samtökum.

Stjórn Hollvinasamtakanna hafa skrifað blaðagreinir í kringum alþingiskosningarnar, og aðalfundi. Haldnir hafa verið fjórir stjórnarfundir frá síðasta aðalfundi fyrir utan ótalin tölvusamskipti stjórnarmanna um málefni St. Jósefsspítala.

Stjórn ítrekaði við Umboðsmann alþingis að svara okkur skriflega sem hann gerði 4.nóvember 2016. Þar kemur m.a. fram eftirfarandi:...*þær ákvarðanir sem leiddu til lokunar St. Jósefsspítala og sú staða sem samtökin telja að hafi komið upp í kjölfar hennar vegna breytinga á ákveðinni þjónustu þess eðlis að ég fæ ekki séð að þær geti sem slíkar orðið tilefni athugunar umboðsmanns að eigin frumkvæði. ...Það er svo annað mál og getur orðið tilefni athugunar umboðsmanns bæði á grundvelli kvörtunar og að eigin frumkvæði hvort sú þjónusta sem veitt er sé á hverjum tíma í samræmi við lög....*

Stjórn Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala hafa upplýst Hollvini jafnóðum og einhverjar upplýsingar liggja fyrir. Þau gögn sem Stjórnin sendi umboðsmanni alþingis eru inná heimasíðu hans. Jafnframt stefnir stjórn Hollvinasamtakanna að því að stofna face-book síðu fyrir samtökin. Inná þá síðu fara þá þau gögn sem stjórn Hollvinasamtakanna hafa.

Ég vil þakka bæjarfulltrúunum Guðlaugu Kristjánsdóttur og Rósu Guðbjartsdóttur sem þurfti að boða forföll í dag og fékk Helgu Ingólfsdóttur til að mæta í sinn stað fyrir að koma fram í dag og segja okkur frá þróun mála síðasta árs frá því að þær komu fram á síðasta aðalfundi okkar fyrir ári síðan. Þær eru jafnframt hollvinir St. Jósefsspítala. Jafnframt ætla þær að fjalla um væntanlega starfsnefnd sem skipuð verður um málefni St. Jósefsspítala, og áherslur bæjaryfirvalda. Á síðasta aðalfundi, komu fram spurningar til bæjarfulltrúanna, og óskuðu þær eftir því að stjórn samtakanna sendi upplýsingar sem nýst gætu í samningaviðræðum við ríkið á bæjarstjóra Hafnarfjarðar. Stjórn Hollvinasamtakanna sendi þessar upplýsingar strax í júní á síðasta ári.

Janus Guðlaugsson heldur erindi um Fjölpættu heilsurækt í sveitarfélögum - Leið að farsælum efri árum. Þetta er mjög spennandi verkefni, verkefni sem ég sé fyrir mér að verði allsstaðar í boði á landinu. Ég vil þakka Janusi fyrir að koma og standa að þessari kynningu. Verkefnið býður uppá mikla möguleika er varðar forvarnir og á góðan samhljóm með hugmyndum stjórnar Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala sem hafa viðrað þá hugmynd að St. Jósefsspítali verði forvarnarmiðstöð Íslands. Þjónusta frá Vöggum til Grafar. Skilgreining á forvörnum felst í því að koma í veg fyrir að sjúkdómar fái að þróast og að koma í veg fyrir veikindi og halda langvinnum sjúkdómum niðri. Tilgangur forvarnarmiðstöðvar felst í forvörnum, eftirfylgd og endurhæfingu. Við Janus erum starfandi að alþjóðlegri rannsókn sem kallast Sprintt, þar sem ýmsir þættir eru skoðaðir á meðal aldraðra og áhrif þjálfunar á lífsgæði. Þeirri rannsókn fyrir Íslands hönd stjórnar dr. Ólöf Guðný Geirsdóttir sem setið hefur í varastjórn Hollvinasamtakanna frá upphafi. Hún hefur nú ákveðið að hverfa úr stjórn Hollvinasamtakanna og vil ég þakka henni fyrir hennar stjórnarsetu.

Oft dettur mér í hug sagan af kennaranum sem vildi kenna börnunum hvernig það er að lenda í stríði og eyðileggingu. Það gerði hún með því að láta börnin teikna eins fallega mynd og þau gátu og helst af einhverju sem þeim þótti vænt um. Þau gerðu það samviskusamlega. Síðan tók hún myndirnar og dreifði þeim þannig að enginn fékk aftur sína mynd. Næsta verkefni var að börnin áttu að eyðileggja myndina eins og þau gátu með litum á ákveðnum tíma. Eftir það fengu börnin sína mynd aftur í hendurnar. Nú áttu þau að reyna að laga myndina eins og hægt var. Ekki er að spyrja að því að sum börnin fengu áfall og fóru að gráta og áttu erfitt með að taka þessari eyðileggingu, önnur lögðu sig samt fram um að að reyna að laga myndina. Að sjálfsögðu varð hún ekki eins, og sumt var alls ekki hægt að laga, en sumstaðar varð nýtt fallett brot af mynd sem hægt var að sjá fyrir sér að gæti orðið að fallettri mynd eitt og sér.

Þessi myndlíking kemur oft upp í huga minn þegar ég hugsa til St. Jósefsspítala. Við lokun sjúkrahússins fengu margir áfall og hafa varla komist yfir það ennþá. Ég er samt bjartsýn og vonast til þess að okkur beri gæfa til þess að byggja upp í St. Jósefsspítala heilbrigðistengda starfsemi sem almenningur á eftir að njóta góðs af eins og fyrrum starfsemi St. Jósefsspítala. Með kærleika og bjartsýni að leiðarljósi vil ég þakka fyrir mig og óska ykkur gleðilegs sumars. Takk fyrir.